

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Eiðapinghá og Hjaltastaðapinghá í Fljótsdalshéraði.

142

12. ágúst

Búnaðarfélagin í Eiðapinghá í Suður-Múlasýslu og Hjaltastaðapinghá í Norður-Múlasýslu, gera á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945, svofellda húsagerðarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir hreppabúnaðarfélagin í Eiðapinghá og Hjaltastaðapinghá.

2. gr.

Húsagerðarfélagið tekur að sér byggingarframkvæmdir á samþykktarsvæðinu, á þann hátt, að ráða til sín flokk byggingarverkamanna. Félagið leggur þeim til fullkomnar vélar og tæki til vinnunnar.

Stefnt skal að því að hraða húsabótum og öðrum byggingarstörfum í viðkomandi sveitum og að byggingarnar verði vandaðar, hagkvæmar og smekklegar og svo ódýrar, sem kostur er á.

Byggingar þær sem samþykkt þessi nær til eru:

1. Íbúðarhús.
2. Peningshús.
3. Hlöður og súrheystóftir.
4. Haughús, safnþrær og þvaggryfjur.
5. Geymsluhús.

Húsin afhendist að minnsta kosti fokheld, nema öðruvísi sé um samið.

II. KAFLI

Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaganna mynda fulltrúaráð fyrir húsagerðarfélagið. Aðalfundur fulltrúaráðs skal haldinn eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Aukafundi skal halda þá er framkvæmdastjórn eða einn þriðji fulltrúaráðsmanna óskar. Aðalfundur velur félaginu þriggja manna framkvæmdastjórn og aðra þrjá til vara, kjörtími þeirra er þrjú ár. Stjórnarnefndarmenn búnaðarfélaganna tilnefna hvor sinn mann í framkvæmdastjórn, en koma sér saman um hinn þriðja. Náist eigi samkomulag, tilnefnir stjórn Búnaðarsambands Austurlands þann mann. Sama að-terð gildir um kjör varamanna. Einn maður gengur úr stjórninni árlega, 1. og 2. árið eftir hlutkesti, en síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Atkvæðisrétt á fundum húsagerðarfélagsins hafa fulltrúaráðsmenn einir. Sé stjórnarnefndarmaður búnaðarfélags jafnframt í framkvæmdastjórn, skal varamaður hans taka sæti á fulltrúaráðsfundi. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

4. gr.

Framkvæmdastjórn hefur á hendi yfirstjórn allra byggingarframkvæmda, er félagið tekur að sér. Hún getur ráðið sér framkvæmdastjóra í samráði við teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur umsjón með daglegum rekstri og framkvæmdum á

12. ágúst 142 þessu sviði. Framkvæmdastjórinn skal hafa tekið próf í húsmiði og hafa full réttindi byggingarmeistara. Þó má, ef ekki er annars kostur, ráða mann, sem ekki hefur full réttindi, ef hann þrátt fyrir það telst fær til að taka starfið að sér, að dómi framkvæmdastjórnar, Búnaðarfélags Íslands og teiknistofu landbúnaðarins. Stjórnin setur honum erindisbréf í samráði við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins.

Stjórnin heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar vegna þessarar starfsemi.

5. gr.

Framkvæmdastjórn annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því, er með þarf, til að náð verði æskilegum hraða í byggingarframkvæmdum.

Skylt er henni, samkvæmt 20. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem félögin fá styrk til að kaupa samkvæmt 21. gr. áðurgreindra laga.

6. gr.

Framkvæmdastjórn sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds á vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, sem svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þau eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin tekur á móti umsóknum frá félagsmönnum um byggingarframkvæmdir og kynnir sér hvort umsækjandi geti fullnægt skilyrðum þeim, sem félagið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður hvenær og í hverri röð byrja skuli á hverri byggingu, sem unnið skal að. Enn fremur ákveður hún, ásamt framkvæmdastjóra, staðsetningu bygginga í samráði við jarðeiganda, ef ekki liggur fyrir ákveðin teikning frá trúnaðarmanni teiknistofu landbúnaðarins, sbr. 18. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

8. gr.

Framkvæmdastjóri hefur yfirstjórn allra vinnuflokka og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingaframkvæmdirnar, nema annað þyki hentugra. Enn fremur ber honum að fylgjast með því, að verkkaupi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum eru sett af stjórninni, og hefur að öðru leyti eftirlit með rekstrinum.

9. gr.

Allir samningar, sem stjórn og framkvæmdastjóri gerir fyrir hönd húsagerðarfélagsins samkvæmt samþykktum þessum, er bindandi fyrir félagið í heild, án þess að hafa verið lagðir fyrir félagsfund sérstaklega. Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg gagnvart fulltrúaráði.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Nú sækir félagsmaður um að félagið annist byggingaframkvæmdir á jörð sinni eða landi, sem hann hefur til umráða, skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkjum, gerð af teiknistofu landbúnaðarins eða samþykkt af henni. Jafnframt skal þess getið, hvenær hann telji sig hafa lokið undirbúningi verksins og að hve miklu leyti hann óski að verkið sé unnið af félaginu.

Umsóknir skulu komnar til framkvæmdastjórnar fyrir þann tíma, sem hún ákveður ár hvert.

11. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, sem um getur í 10. gr., ber stjórninni, í samráði við framkvæmdastjóra, að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingaframkvæmdir yfirstandandi árs.

Rísi ágreiningur innan framkvæmdastjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir fulltrúaráðsfund til úrskurðar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

13. gr.

Til þess að félagið taki að sér byggingaframkvæmdir, skal verkkaupi hafa fullnægt eftirtöldum atriðum:

Lagt inn greiðslu í sjóð félagsins, sem framkvæmdastjórn tekur fullnægjandi til að ljúka verkinu, eða þeim hluta þess, sem því er falið að annast. Heimilt er verkaupa að leggja fram sem greiðslutryggingu ávísun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggi fyrir upplýsingar frá viðkomandi stofnun um lágmarksupphæðir á láni eða styrk, sem veitt yrði, og samþykki þeirra. Nú hefur verkkaupi fullnægt framangreindum skilyrðum að dómi framkvæmdastjórnar, og skal hún þá gera við hann verktökusamning. Verkkaupandi skal hafa grafið fyrir húsi, enn fremur gert aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við byggingar. Tryggt nægt vatn til steypunnar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema samið hafi verið sérstaklega við félagið að annast það.

14. gr.

Byggingaframkvæmdum skal yfirleitt hagað þannig, að unnið sé að því að steypa húsin yfir sumarmánuðina, þó má einnig, ef svo stendur á, að það hentar betur vegna vinnunnar, þekja húsin og gera þau fokheld. Önnur vinna en steypuvinna fari fram að haustinu og vetrinum og þá leitast við að dreyfa mönnum sem haganlegast til verka. Utanhúss húðun skal ávallt fara fram að sumrinu.

15. gr.

Unnið skal í flokkum, trésmiðir sér, er ganga á undan og ganga frá steypumótum, svo steypuverkamenn. Í þeim flokki skal vera einn maður, er fær sé um að fara með steypuvél, og einn, er fær sé um allar járnalagnir. Flokkur steypuverkamanna framkvæmir alla steypu- og járnvinnu. Enn fremur undirbúning steypu, flutning véla og áhalda milli vinnustöðva og hirðingu þeirra. Í hverjum flokki skal vera að minnsta kosti einn, sem fær sé um að vinna á eigin ábyrgð og skal hann hafa flokksstjórn á hendi. Ráðning flokksstjóra fer fram í samráði við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins. Vinnunni skal hagað þannig, að steypa geti gengið sem greiðlegast, og ber flokksstjóra að hafa samvinnu við framkvæmdastjóra um alla verkstjórn.

16. gr.

Nú liggja ekki fyrir hjá félagsmönnum næg verkefni, og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé farið eftir reglum samþykktarinnar um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningi.

IV. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar.

17. gr.

Kostnaður við þær framkvæmdir, er samþykkt þessi nær til, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er greint verður í verktökusamningi þeim, er um ræðir í 7. og 13. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum tóxtum meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt reikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við meðaltals byggingarkostnað næst liðins árs, eins og hann hefur verið reiknaður af teiknistofu landbúnaðarins, og með hliðsjón af þeim verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

18. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðsla fyrningargjalds af þeim, áhöldum og veggjamótum. Kostnaður við flutninga milli vinnustöðva, viðhald véla og annarra tækja, sem stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er framkvæmdastjórn að ákveða að leggja á framkvæmdakostnað áhættubóknun, er nemi allt að 10% af reksturskostnaði hvers árs.

19. gr.

Rekstursafgangur af áhættubóknun eða verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn, skal leggjast í byggingarvélasjóð félagsins.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

20. gr.

Félagið myndar byggingarvélasjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingaframkvæmdir. Stofnfjárhæð hans er 20000.00 krónur. Tekjur byggingavélasjóðs eru:

1. $\frac{2}{3}$ hlutar stofnfjárins eru framlög byggingasjóðs og nýbýlasjóðs ríkisins, samkvæmt 21. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.
2. Hinn hluti fjárins skal lagður fram af viðkomandi búnaðarfélagum, að jöfnu frá hvoru félagi, svo og af búnaðarsambandi Austurlands, eftir þeim hlutföllum, sem samkomulag næst um á milli þessara aðila.
3. Auk þessa leggist í byggingavélasjóð tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 19. gr.

21. gr.

Tillag til byggingavélasjóðs greiðist til framkvæmdastjórnar, er samþykkt þessi öðlast gildi.

22. gr.

Nú kemur í ljós, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þarf byggingarvélasjóð og ber henni að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins, og leggja það fyrir lögmæta fundi í báðum búnaðarfélagunum. Nái það samþykki þeirra, er samþykktin bindandi.

23. gr.

Framkvæmdastjórn ber að taka þær greiðslutryggingar, sem fyrir er mælt í 13. gr., miðað við áætlaðan kostnað af hverri byggingu. Lokagreiðslur fari fram samkvæmt ákvæðum verktökusamnings.

24. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán, gegn tryggingum í ávisun- 12. ágúst um og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

142

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

25. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, og skal reikningsskilum lokið svo tím- anlega, að endurskoðun geti farið fram, áður en aðalfundur félagsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum beri saman við bækur fram- kvæmdastjórnar. Eftir að aðalfundur fulltrúaráðs hefur úrskurðað reikningana, skulu þeir lagðir fyrir aðalfund Búnaðarsambands Austurlands til samþykktar ásamt skýrslu framkvæmdastjórnar um starfsemina.

26. gr.

Endurskoðendur séu tveir kjörnir af aðalfundi fulltrúaráðs, sinn frá hvoru félagi til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

VII. KAFLI

Um breytingu samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

27. gr.

Samþykki löglegir aðalfundir búnaðarfélaganna breytingar á samþykkt þess- ari, með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæða og mæli meiri hluti fulltrúaráðs með breyt- ingunni, skal framkvæmdastjórn senda breytingarnar stjórn Búnaðarsambands Austurlands og Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

28. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að lögmætir fundir í félögunum samþykki það, með minnst $\frac{2}{3}$ atkvæða, og lögmætur aðalfundur Búnaðarsambands Austurlands samþykki það einnig, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

29. gr.

Verði sett húsagerðarsamþykkt fyrir Fljótsdalshérað í heild, ganga þessi 2 búnaðarfélg í þann félagsskap. Þá er störf samkvæmt þeirri samþykkt verða veru- lega hafin, renna eignir húsagerðarfélags Eiða og Hjaltastaðapinghár inn til hins nýja húsagerðarfélags sem stofnframlag búnaðarfélaganna, og er þá samþykkt þessi úr gildi fallin.

30. gr.

Með brot á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau valdið sektum 100—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

31. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur fengið staðfestingu landbúnaðarráð- herra.

12. ágúst 142 Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð-
ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um húsagerðarsamþykktir
í sveitum frá 13. maí 1947, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. ágúst 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

12. ágúst 143

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Skagfirðinga.

Búnaðarsamband Skagfirðinga gerir á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945 svo
fellda húsagerðarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmark samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir öll hreppabúnaðarfélögin í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Búnaðarsambandið tekur að sér byggingarframkvæmdir á sambandssvæðinu
á þann hátt, að ráða til sín flokka byggingarmanna. Sambandið leggi þeim til full-
komnar vélar og tæki við vinnuna. Stefnt skal að því að hraða húsabótum og öðr-
um byggingum í sveitum, og að byggingarnar verði vandaðar, hagkvæmar og smekk-
legar og svo ódýrar sem kostur er á.

Byggingar þær, sem samþykkt þessi nær til, eru:

1. Íbúðarhús.
2. Peningshús.
3. Hlöður, þvaggryfjur og safnþrær.
4. Geymsluhús.

Húsin afhendist að minnsta kosti fokheld, nema öðruvísi sé um samið.

II. KAFLI

Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga hefur á hendi yfirstjórn allra bygginga-
framkvæmda, er sambandið tekur að sér. Stjórnin ræður sér framkvæmdastjóra, í
samráði við teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur umsjón með daglegum rekstri
og framkvæmdum á þessu sviði. Hann skal hafa tekið próf í húsasmíði og hafa full
réttindi byggingarmeistara. Þó má, ef ekki er annars kostur, ráða mann, sem ekki
hefur full réttindi, ef hann þrátt fyrir það telst fullfær til að taka starfið að sér,
að dómi sambandsstjórnar, Búnaðarfélags Íslands og teiknistofu landbúnaðarins.
Stjórn sambandsins setur honum erindisbréf, í samráði við teiknistofu landbún-
aðarins.

Stjórnin getur falið tveimur mönnum úr stjórn sambandsins að annast ásamt
framkvæmdastjóra, um stjórnarframkvæmdir þær, er um ræðir í 5. og 6. gr., svo og
umsjón með rekstri fyrirtækisins, og nefnast þeir framkvæmdastjórn.